

Tillögur um röð áfanga í bifreiðasmíði og bílamálun. Nám í fjórar annir.

1. önn skóli	Fj. ein.	2. önn skóli	Fj. ein.	3. önn Verkstæði	Fj. ein.
Málmsuða í bifreiðasmíði BMS102 202	4	Plast – viðgerðir og trefjaplast BPM 301 + BPS 301	1	Efnisfræði BEM 301	1
Rétting BRÉ 102	2	Rétting BRÉ 203	3	Lokaverkefni í bílamálun BLM 102 202	4
Plast – viðgerðir og glært plast, BPM201 + BPS201	1	Vinnuaðferðir og tæki BVT 104 og BVT203	7	Spraututækni BST 102 201 302	5
Teikning og hönnun BTH 102 - 203	5	Litafræði í bílamálun BLF 201	1	Rétting BRÉ 302 402	4
Efnisfræði í bílamálun BEM 101 - 202	3	Samskeyting BSK 101 202	3	Samskeyting BSK 301 402	3
Litafræði í bílamálun BLF 102	2	Teikning – smíði BTS 202	2	Teikning – smíði BTS 304 401	5
Yfirborðsmeðhöndlun í iðnaði BYM 101	1	Tjónamat og útreikningar BTM 102	2		
Einingar alls	18	Einingar alls	19	Einingar alls	22

4. önn Danmörk		Samtals einingar allar annir	70
Lokaverkefni í bifreiðasmíði BLS103	3		
Lokaverkefni í bílamálun BLM 302	2		
Vinnuaðferðir og tæki BVT303	3		
Rétting BRÉ 503	3		
Einingar alls	11		

Yfirlit um útfærslur þar sem brugðið er út af áfangalýsingu og áfanganúmerum í námskrá menntamálaráðuneytis frá 2008.

BLF102 og BLF201 Umfjöllun um tölvustýrða litablöndun er færð úr BLF102 í BLF201 vegna þess að álitið er að sá námsþáttur tengist litanúmerum bifreiða og öðrum þáttum sem teknir eru fyrir í BLF201.

BPM201, BPS201, BPM301 og BPS301 Í námi bílamálara eru BPM áfangar sem eru mjög líkir þeim áföngum sem heita BPS í námi í bifreiðasmíði. Þess vegna var ákveðið að kenna bara BPM201 og BPM301 þannig að þeir nái yfir alla námsþætti í báðum greinum.

BRÉ203 og BIH102 Í bifreiðasmíði er áfanginn BIH102 um innréttingar, sæti og fleira. Ákveðið var að taka þann hluta þess áfanga sem enn er verið að vinna á verkstæðum og flytja inn í BRÉ203 og sleppa öðrum þáttum BIH102.

BTS303 og BTS403 Ákveðið var að færa smíðapátt BTS403 í BTS303 og stækka hann um eina námseiningu. BTS304 felur í sér flóknara smíðaverkefni en gert er ráð fyrir í námskrá ráðuneytisins. Þannig uppfyllir BTS304 smíðakröfur beggja áfanganna BTS303 og BTS403. Þannig verður BTS401 hreinn teikniáfangi þar sem fengist er við að gera teikningar samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma um ökutæki. Ennfremur var ákveðið að minnka BTS403 í BTS401 því að í bifvélavirkjanámi er áfanginn BTB102 um vélateikningu en í VMA taka nemendur í bifvélavirkjun áfangann GRT203 sem bætir við einni einingu í hliðstæðum teikningum. Þannig verða BTS304 og BTS401 samanlagt 5 einingar í stað 6.

Á önn 3 í skipulagi VMA fyrir nám í bifreiðasmíði og bílamálun er gert ráð fyrir 22 einingum sem kenndar verða á verkstæðum. Vegna þess að verkefni áfanganna skarast og stefnt er að því að kenna þá á verkstæði þá nást samlegðaráhrif í áföngunum ekki nema að líta á þá sem eina heild. Þetta gildir um eftirfarandi áfanga í bílamálun: BEM301, BBLM102, BLM20, BST102 og BST302. Áfanginn BTS201 fjallar um stór ökutæki og á ekki samleið með hinum áföngunum. Í bifreiðasmíði gildir þetta um: BRÉ302, BRÉ402, BSK301 og BSK402.